

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana
	Dagsetning: 6. apríl 2021 Tími: 12:00 – 13:30
Fundarstaður:	TEAMS
Fundarstjóri:	MH
Ritari:	ÁB
Á fundinn mættu:	Árni Bragason (ÁB), Ásdís Ármannsdóttir (ÁÁ), Eydís Líndal Finnbogadóttir (ELF), Harpa Þórsdóttir (HP), Kristján Sverrisson (KS), Margrét Hauksdóttir (MH) og Dagrún Hálfánardóttir, framkvæmdastjóri félagsins.
Fjarverandi:	Steinn Jóhannsson

Fundargerð stjórnarfundar FFR 6. apríl 2021

1. Fundargerð stjórnarfundar 6. apríl 2021

Farið yfir fundargerð stjórnarfundar sem haldinn var 6. apríl 2021 og hún samþykkt.

2. Skýrsla um þróun launa forstöðumanna

Fyrirhugað að höfundur skýrslu kynni hana á aðalfundi félagsins í maí nk. Niðurstöður skýrslunnar gefa tilefni til að félagið sækir fram og óski eftir launahækkunum. Aðal krafa félagsins hlýur að vera að laun félagsmanna haldi í við kaupmátt og launavísitölu, óháð samanburði við þær stéttir sem fjallað er um í skýrslunni. Ákveðið að stjórn muni leggja slíkt til á aðalfundi. Í framhaldi af aðalfundi mun stjórn kynna skýrsluna fyrir KMR.

Ákveðið að óska eftir fundi með skýrsluhöfundi til að stjórn geti farið yfir einstaka atriði hennar.

3. Undirbúningur aðalfundar 2021

Aðalfundur verður haldinn 19. maí 2021 kl. 14:00-16:00. Búið er að bóka sal og streymi. Ákveðið að auglýsa sérstaklega frestinn varðandi lagabreytingar. DH mun hafa samband við kjörnefnd hið fyrsta. Í framhaldinu mun kjörstjórn senda út póst á félagsmenn og m.a. auglýsa eftir framboðum.

Stjórnarmenn sem sitja áfram í stjórn eru HP, ELF og SJ. ÁB og MH gefa ekki kost á sér áfram og því liggur m.a. fyrir að kjósa þarf nýjan formann.

4. Trúnaðarmál bókað sérstaklega

Umfjöllun dagskrárliðar bókuð í sérstakri bókun með fundargerð sem vistuð er hjá félaginu.

5. Önnur mál

Almennar umræður um seinangang í ráðningarmálum hjá forstöðumönnum. Ákveðið að félagið sendi KMR bréf þar sem gerðar verða athugasemdir við málsmeðferð við skipanir í embætti forstöðumanna.